

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020
UST202011-180/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Arnarnesvegur - vegamót við Breiðholtsbraut.
Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða breytta útfæslu á framkvæmd sem Skipulagsstofnun úrskurðaði 2003 að hefði ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.


Helstu breytingar á framkvæmdinni eru þær að efnispörf verður 100.000 m³ í stað 200.000 m³ þar sem gatnamótin verða ekki mismislaus eins og fyrst var gert ráð fyrir og því mun framkvæmdin krefjast að sama skapi minna landrýmis en áður var áætlað. Fyrirhuguð framkvæmd mun raska núverandi stígum efst í Elliðaárdal, en í stað þeirra verða lagðir nýjir stígar með tengingum milli Kópavogs og Elliðaárdals. Þessir stígar munu bæta aðgegni að Elliðaárdal. Líklegt er að hávaði vegna umferðar muni aukast nokkuð í efsta hluta Elliðaárdals og telur Umhverfisstofnun æskilegt að reynt verði að draga úr auknum hávaða þar með mótvægisáðgerðum.

Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan svæðis nr. 124 á náttúruminjasrá.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur